

Háskólastig á tímamótum – Málþing um niðurstöður skýrslu OECD um íslenska háskólastigið

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir [málþingi](#) um niðurstöður úttektar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, [OECD](#), á íslenska háskólastiginu þann 8. september nk. Skýrslu um úttektina og dagskrá málþingsins er að finna á vef menntamálaráðuneytis. Úttekt OECD nær til 24 landa en markmið hennar er að kanna áhrif opinberrar stefnumörkunar í málefnum háskóla í löndunum og vísa veginn um úrbætur og nýjungar. Skýrslan er samin af sex elendum sérfræðingum sem dvöldu hér á landi í vikutíma, heimsóttu alla háskóla og hittu að máli fjölmarga hagsmunaaðila. Einn þessara sérfræðinga, Paulo Santiago,

verður meðal framsögumanna á málþinginu og mun hann reifa niðurstöður skýrslunnar. Auk Paulos mun menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, flytja erindi um stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum háskólastigsins. Þá mun Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, fjalla um efni skýrslu OECD og hvernig niðurstöður hennar tengjast nýjum háskólalögum sem sett voru í sumar. Að loknum framsögurindum verða pallborðsumræður þar sem rektorar og fulltrúar atvinnulífs og stúdenta munu ræða um niðurstöður skýrslunnar og framtíð háskólastigsins.



Stóraukin aðsókn að Listasafni Íslands

Aðsókn að [Listasafni Íslands](#) stefnir í að aukast um helming á þessu ári eftir að safnið gerði styrktarsamning við Samson eignarhaldsfélag sem m.a. fól í sér að fella niður aðgangseyri að safninu. Nú er aðgangur ókeypis og á því hálfu ári sem liðið er hafa jafn margir komið á safnið og allt árið þar á undan eða rúmlega 30 þúsund manns.

Listasafn Íslands hefur tekið upp nýtt skráningarkerfi til að fylgjast með aðsókninni auk þess sem safnið hefur fengið Félagsvísindastofnun til að gera þjónustukönnun meðal safngesta. Þjónustukönnunin frá því í maí á þessu ári gefur vísbendingar um hverjir sækja listasafnið heim en þar kemur fram að 58% svarenda eru konur og 42% karlar. Meðalaldur gesta er 44 ár, en rúmlega 20% eru yngri en 30 ára. Talsvert stór hópur safngesta, eða 36%, fer ekki reglulega á söfn eða sýningar og 60% vissu að aðgangur væri ókeypis áður en þeir ákváðu að heimsækja safnið. Í könnuninni kemur líka fram að 75% svarenda telja það líklegt eða frekar líklegt að ókeypis aðgangur verði til þess að þeir heimsæki safnið oftar en hingað til og er það einkum fólk undir þrítugu sem svarar á þann veg. Samkvæmt Ólafi Kvaran, forstöðumanni Listasafns Íslands, þá er tilgangurinn með

því að fella niður aðgangseyri fyrst og fremst að ná til stærri hóps en nú þegar sækir safnið, sérstaklega yngra fólks. Það hefur líka komið í ljós að heimsóknarvenjur safngesta eru að breytast, þeir koma oftar, jafnvel á sömu sýningu eða til að fara á kaffihúsið.

Úttekt á enskukennslu í grunnskólum

Menntamálaráðuneyti hefur gefið út skýrsluna [Úttekt á enskukennslu í grunnskólum veturinn 2005-2006](#). Úttektin var unnin af Laufeyju Bjarnadóttur, Lovísu Kristjánsdóttur og Samúel Lefever. Úttektin miðast við kennslu í 5., 9. og 10. bekk í átta heildstæðum grunnskólum. Skólarnir voru m.a. valdir með tilliti til stærðar og landfræðilegrar legu þannig að úttektin gæti gefið góða mynd af stöðu greinarinnar almennt og einnig gefið vísbendingar um framkvæmd aðalnámskrár í ensku. Í erindisbréfi til úttektaraðila voru markmið með úttektinni m.a. skilgreind sem eftirfarandi:

- Afla upplýsinga um framkvæmd enskukennslu í grunnskólum með tilliti til aðalnámskrár grunnskóla, s.s. um kennsluhætti, námsefni, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, áherslur og markmiðssetningu
- Afla upplýsinga um árangur enskukennslu í grunnskólum
- Afla upplýsinga um stöðu námsgreinarinnar og um áhrif ytra umhverfis
- Fá fram tillögur um hvernig bæta megi kennslu og árangur í greininni.

Skýrslan skiptist í 5 meginkafla: Markmið málanáms, úttekt á enskukennslu, niðurstöður, umræður og ábendingar. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru:

- Allir kennararnir sem kenndu ensku í þeim skólum sem úttektin náði til

voru með kennsluréttindi nema einn sem var að ljúka kennsluréttindanámi. Aðeins hluti kennaranna hafði í námi sínu sérhæft sig í ensku sem kennslugrein. Allir kennararnir kenndu jafnframt aðrar námsgreinar.

- Enskan er vinsæl námsgrein sem nemendur telja mikilvægt að læra
- Kennarar eru sáttir við aðalnámskrá grunnskóla og styðjast við hana í kennslunni
- Hefðbundnar kennslu- og námsmatsaðferðir eru ríkjandi
- Æskilegt er að auka munnlegan þátt enskunnar í kennslunni
- Auðvelda ætti kennurum í ensku að sækja endurmenntunarnámskeið.

Framtíðarsýn almennings í málefnum grunnskólans

Nefnd, skipuð af menntamálaráðherra, vinnur nú að heildarendurskoðun laga um [grunnskóla nr. 66/1995](#), með [síðari breytingum](#) og skal hún ljúka störfum í byrjun árs 2007. Formaður nefndarinnar er Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Nefndin hefur haft viðtækt samstarf við ýmsa hagsmunaaðila í tengslum við endurskoðun laganna og auglýsir hér með eftir athugasemd-um og ábendingum frá almenningi. Fólk er hvatt til að koma á framfæri skoðunum sínum á því hvaða meginsjónarmið ætti að hafa að leiðarljósi við endurskoðun grunnskólalaga og hvaða framtíðarsýn eigi að vera í málefnum grunnskólans. Allar athugasemdir við grunnskólalögin eru vel þegnar. Vinsamlega komið ábendingum á framfæri við Guðna Olgeirsson starfsmann nefndarinnar, gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is, fyrir lok september.

